

16. nóvember 2004

SBD/30-04

*Alþingi
Erindi nr. P 131/129
komudagur 18.11.2004*Alþingi Íslands – Nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Efni: Þingsályktun um strandsiglingar, 161. mál.

Undirritaður, fyrir hönd Eimskipafélags Íslands ehf., sendir hér með umsögn um ofangreinda þingsályktun sbr. Beiðni frá samgöngunefnd Alþingis dagsett 8. nóvember 2004.

Eimskipafélag Íslands hefur á nokkrum áratugum byggt upp öfluga og umsvifamikla alhliða flutningaþjónusta. Stór hluti þeirrar þjónustu beinist að söfnun og dreifingu á hráefnum, afurðum og aðföngum á landsbyggðinni. Í krafti stærðar sinnar hefur Eimskip byggt upp öflugri og umfangsmeiri þjónustu við landsbyggðina en aðrir og hefur m.a. í ljósi þess getað haldið úti rekstri á strandskipi lengur en aðrir, auk þess að bjóða uppá öflugt landflutningakerfi.

Eins og fyrir liggur hefur Eimskip nú tekið þá ákvörðun að hætta vikulegum strandflutningum milli hafna á Íslandi frá og með 1. desember 2004. Sú ákvörðun byggir á sjónarmiðum um hagkvæmni og aukna þjónustu við viðskiptavinum Eimskip.

Ýmsar breytingar sem orðið hafa og eru að verða á högum okkar viðaskiptavina eru helsti hvatinn að þessum breytingum. Aukinn krafi um tíðari ferðir hefur áhrif auk þess sem að aðili sem myndað hafa kjölfestu magn í strandflutningakerfi Eimskip er að hætta starfssemi eru helstu hvatinn. Af ofangreindum ástæðum hefur Eimskip ákveðið að minnka vægi sjóflutninga í innanlandskerfi félagsins og auka vægi landflutninga.

Það er mat stjórnenda Eimskip að í krafti stærðar og umfangs geti félagið byggt upp innanlandskerfi sem byggir á auknu vægi landflutninga á hagkvæman hátt með aukinni þjónustu viðskiptavinum félagsins til hagsbóta.

Þrátt fyrir ofangreinda ákvörðun um að fella niður vikulegar ferðir standsskips er félagið ekki að fella niður strandflutninga um aldur og ævi. Við viljum benda á að skip okkar eru með reglulegar viðkomur á Eskifirði, Vestmannaeyjum, Grundartanga og Straumsvík. Að auki munum við fylgjast grannt með ef forsendur fyrir auknu vægi strandsiglinga breytast til hins betra með sama hætti og við erum stöðugt að yfirfara alla þætti í rekstri Eimskip. Á þetta jafnt við um sérverkefni á óreglulegum tímagrunni sem og möguleika á reglubundnum siglingum.

Varðandi hugmyndir um aðkomu ríkisvaldsins að rekstri strandflutninga viljum við gera eftirfarandi athugasemdir. Okkar mat er að uppboðsleið með tilstyrk stjórnvalda sé ekki ákjósanleg leið þar sem slík leið myndi raska verulega samkeppnisstöðu á markaði, eðlilegra væri að fara þá leið að setja á flutningsstyrk sem legðist til við hverja flutta einingu og með slíkum aðgerðum þrýsta á aukið vægi strandflutninga í innanlandsflutningum.

Að lokum viljum við koma því á framfæri fyrir hönd Eimskipafélags Íslands ehf. að við fögnum allri gagnlegri og málefnalegri umræðu sem á sér stað um ofangreind málefni og erum hvenær sem er tilbúnir að ljá samgöngunefnd Alþingis styrk okkar í þeim efnum.

Virðingarfyllt

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS EHF.



Baldur Guðnason, forstjóri

Hjál.:

Afrit:

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 29. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál, uppbygging. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar, en tekur undir áhyggjur flutningsmanna af áhrifum þess á vegakerfi landsins að strandsiglingar leggjast af. Er þá bæði vísað til álags á vegakerfið og aukinnar slyshættu. Stjórnin vill einnig benda sérstaklega á, að ef flutningskostnaður hækkar í kjölfar þess að strandsiglingar leggjast af, mun samkeppnisstaða fyrirtækja á svæðinu versna og möguleikar svæðisins til að laða til sín fyrirtæki og starfsemi rýrna til muna. Stjórn Eyþings lítur svo á að það sé hlutverk ríkisvaldsins að tryggja að svo verði ekki.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. P 131/582
komudagur 9.12.2004*


Reykjavík 7. des. 2004.

**Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurbæti 8 –10
150 Reykjavík.**

Efni: Um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, ^{161.} ~~16.~~ mál.

Vegna mistaka og mikilla anna fórst fyrir að senda umsögn Farmanna og fiskimannasambands Íslands varðandi strandsiglingar fyrir tilsett tímamörk og er beðist velvirðingar á því. Það er að sjálfögðu fráleitt að á eyju norður í dumbshafi sem býr við eitt frumstæðasta vegakerfi í Evrópu skuli nú á tímum ríkja þær aðstæður að strandsiglingar leggist nánast af. Þar af leiðandi styður FFSÍ allt sem gert er til þess að stuðla að uppbyggingu strandsiglinga sem hluta af vöruflutninga og samgöngukerfi landsins.

F.h. FFSÍ


Árni Bjarnason

Alþingi
Erindi nr. P 131/52/
komudagur 7.12.2004

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði. Síni: 450 3000. Fax: 450 3005. GSM: 892 2759. Tölvupóstfang: fsv@snerpa.is




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 6.desember 2004

Efni: Umsögn um mál ¹⁶~~nr. 10~~ frá samgöngunefnd Alþingis.
Tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar. Flm Jón Bjarnason ofl.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill áréttta að strandsiglingar séu nú þegar fyrir hendi á Vestfjörðum.

F.h Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2004
0411007HA BLB
Tilv.:613


Efni: Tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar

Á fundi stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga í dag var m.a. lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 8. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál, uppbygging.

Gerð var eftirfarandi bókun um málið:

„Stjórn Hafnasambands sveitarfélaga telur að framkomin þingsályktunartillaga um strandsiglingar sé jákvæð og að efni hennar falli að hugmyndum hafnasambandsins og nauðsynlegt að strandsiglingar verði teknar til frekari umfjöllunar. Mikilvægt er að hugað verði vel að öllum þáttum málsins svo sem þjónustustigi flutninga við landsbyggðina, öryggismálum, mengunarmálum og kostnaði við mismunandi tegund flutninga. Á Hafnasambandsþingi, sem haldið var í Reykjavík dagana 28. og 29. október s.l. var m.a. samþykkt að fela stjórn hafnasambandsins að beina því til samgönguráðuneytis að skipuð verði starfsnefnd til að móta heildstæða flutningastefnu fyrir Ísland. Flutningastefna þessi verði meðal annarra þátta grundvöllur að og hluti af endurskoðaðri samgönguáætlun fyrir landið.“

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA



Birgir L. Blöndal
deildarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/248
komudagur 29. 11. 2004

Til samgöngunefndar Alþingis

LANDSSAMBAND
smábátæigenda




28. nóvember 2004

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Þingsályktun um strandsiglingar.
Þskj. 161 - Mál nr. 161.

LS tekur undir efni þingsályktunarinnar og mælir með að hún verði samþykkt.

Nauðsynlegt er að gera vandaða úttekt á þessum þætti samgangna og telur LS að samþykkt þingsályktunarinnar muni uppfylla það markmið.

Virðingarfyllst


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 131/165
komudagur 23.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2004

Efni: Umsögn Samskipa hf. um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, flutta á 131. löggjafarþingi (16. mál).

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis frá 4. nóvember sl. þar sem Samskipum hf. var gefinn kostur að að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Félagið hefur kynnt sér efni þingsályktunartillögunnar og jafnframt efni þeirrar tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 128. löggjafarþingi og vísað er til í greinargerð með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir.

Það er skemmst frá því að segja að það er mat félagsins að efni tillögunnar gangi mun lengra en félagið telur raunhæft og heppilegt, þegar tekið er mið af því hvernig flutningamarkaður á Íslandi hefur þróast undanfarin ár. Telur félagið að slíkt inngríp í eðlilega samkeppni á tilteknu markaðssviði þurfi að íhuga gaumgæfilega. Tillaga sú sem liggur fyrir gengur hins vegar út frá því sem gefinni staðreynd að æskilegt og eðlilegt sé að byggja upp sjóflutninga og kveður á um skyldu ráðherra til að hefja slíka uppbyggingu. Samskip hf. telja hins vegar, vilji menn á annað borð skoða hugmyndir í þessa veru, að nær sé að fara þá leið sem hugað var að í hinni eldri tillögu, sem gerði ráð fyrir skipun nefndar sem hefði það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Félagið vill hins vegar taka skýrt fram að það telur hugmyndir þessar ekki skynsamlegar og er fullvisst um að gaumgæfileg skoðun markaðarins myndi leiða það í ljós að ríkisstyrkir á þessu sviði næðu ekki þeim markmiðum sem tillöguhöfundar virðast stefna að.

Minnt er á að Samskip hf. og fleiri aðilar stunduðu strandsiglingar um langt árabíl. Ekki reyndist rekstrargrundvöllur fyrir þeim flutningum og hefur félagið nú ekkert skip í siglingum, en flytur vörur eingöngu með flutningabifreiðum. Að baki þessara breytinga á rekstri félagsins lágu veigamiklar viðskiptalegar forsendur og getur félagið ekki séð hvernig ríkisvaldið gæti tryggt rekstrarforsendur slíkra flutninga nema til kæmu verulegir ríkisstyrkir. Telur félagið að slíkt fyrirkomulag væri fjarri því að samræmast nútíma hugmyndum um frjálsa samkeppni og væri afdrifaríkt skref afturábak í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum.

Félagið leggst því alfarið gegn tillögunni eins og hún er sett fram. Að svo stöddu hafa Samskip hf. ekki frekari athugasemdir fram að færa en áskilinn er réttur til að hafa ítarlegri athugasemdir upp síðar, kæmi til lagasetningar á grundvelli þeirra hugmynda sem kynntar eru í tillögunni.

Virðingarfyllt
f. h. Samskipa hf.


Halldór Björnsson hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 131/285
komudagur 30.11.2004

Sæskip ehf
Mýrarás 13
110 Reykjavík
Iceland
kt 521089 - 1489
www.saeskip.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150-Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2004.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál,
uppbygging.

Umsagnaraðili lýsir ánægju sinni með framkomna tillögu og telur hana
löngu tímabæra. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að stefna skuli að því
“ að strandsiglingar verði eðlilegur hluti af vöruflutninga- og samgöngu-
kerfi landsins”. Einn hluti þess að ná þessu markmiði er að skoða þau
gjöld sem strandsiglingum er gert að bera t.d. vörugjöld sem hvorki
bílum né ferjum er gert að greiða.

Hvað varðar þá liði þingsályktunartillögunnar, “ að bjóða út siglinga-
leiðir “og “ miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um
siglingaleiðir sem bjóða á út “ þá getur umsagnaraðili ekki tjáð sig um þá
sérstaklega þar sem nánari útfærslu vantar.

Virðingarfyllst,

f.h. Sæskipa ehf


Ragnar M. Traustason

Sæskip ehf
kt: 521089-1489
Mýrarási 13
110-Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110014/14.1.0
KHS/BH
08.11.2004


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál, uppbygging.

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2004, er óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, 161. mál, uppbygging.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að koma á ríkisstyrktum strandflutningum með útboðum og með því tryggja öllum landshlutum þjónustu sjóleiðina.

Vegagerðin tekur ekki afstöðu til ríkisstyrkja til strandflutninga en bendir jafnframt á að verulega skortir á fjármagn til uppbyggingar á vegakerfi landsins.

Virðingarfyllt,



Jón Rögnvaldsson
vegamálastjóri



Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar, mál 161.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi feli samgönguráðherra að undirbúa það að strandsiglingar verði eðlilegur hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins.


Í dag sinnir eitt skipa Eimskipafélags Íslands strandsiglingum en frá og með 1. desember n.k. verður því hætt sem leiðir af sér að frá 1. desember n.k. verður ekkert skip í áætlanasiglingum við strendur landsins.

Að mati Vélstjórafélags Íslands er hér um afar slæma þróun að ræða þar sem þeir flutningar sem nú fara sjóleiðina munu óhjákvæmilega færast á vegi landsins sem tæpast anna meiru en því sem á þá er lagt um þessar mundir.

Fyrir liggur að flutningar með bifreiðum eru orkufrekari en flutningar með skipum m.v. þungatonn. Að öllu þessu skoðuðu er það mat Vélstjórafélags Íslands að leggja beri faglegt mat á hvort sé hagkvæmara útfrá þjóðarhagsmunum að flutningum á milli landshluta verði sinnt með skipum eða flutningabifreiðum.

Í ljósi þessa tekur Vélstjórafélag Íslands undir efnisatriði tillögunnar

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,



Helgi Laxdal, formaður